

Leikskólar á Akureyri

Þjóða ykkur velkomin



Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Aðalnámskrá leikskóla og menntastefna Akureyrarbæjar eru stefnumótandi leiðarvísar um kennslu í leikskólum og byggjast á markmiðslýsingu laga um leikskóla og reglugerð um starfsemi þeirra. Leikskólaaldur barna er skilgreindur eftirfarandi: Lægri aldursmörk eru miðuð við að barn hafi náð 12 mánaða aldri 31. ágúst en efri mörk eru miðuð við grunnskólabyrjun.

Aðalnámskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskóla og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra. Á grundvelli markmiða laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hafa verið settir fram eftirfarandi grunnþættir menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið. Hver leikskóli gerir eigin skólanámskrá og starfsáætlun.

Í leikskólum á Akureyri er m.a. lögð áhersla á þekkingu, leikni, virðingu og vellíðan ásamt því að lögð er áhersla á að hvert barn læri að vinna með öðrum, að deila með öðrum, læri samkennd og að taka tillit til annarra.



Íðavöllur

Listaverk unnið í tengslum við sjómannadaginn

Umsókn

Sækja þarf um leikskóla á rafrænu formi á þjónustugátt á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is. Mikilvægt er að umsóknin sé nákvæmlega útfyllt.

Umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 1. febrúar það ár sem óskað er eftir að barn hefji skólagöngu.

Innritun í leikskóla.

Sjá nánari [reglur hér](#)

Aðalinnritun hefst í marsmánuði. Við innritun fá foreldrar senda tilkynningu í tölvupósti með upplýsingum um hvaða skóli stendur þeim til boða fyrir barn sitt. Skólastjórar gefa allar nánari upplýsingar s.s. um tímasetningar og fyrirkomulag aðlögunar barna. Tímasetning aðlögunar ræðst aðallega af tveim þáttum þ.e. sumarlokun skólans og uppsögnum barna af elsta árgangi. Börn eru því að hefja skólagöngu sína á mismunandi tímum frá maílokum fram á haust, allt eftir aðstæðum hvers skóla fyrir sig. Fjöldi barna í skóla ræðst af stærð hans og lýkur innritun þegar þeim barnafjölda hefur verið náð. Ef börn hætta í skólanum yfir vetrarmánuðina eru ný börn innrituð.

„Þekkir þú augu mín“

Verkefni barna í Kiðagili
þar sem foreldrar fengu það
verkefni að þekkja augu
barna sinna.



Íðavöllur

Unnið með blek og penna

Viðfangsefni:


svarthvítar ljósmyndir



Rekstur leikskóla Akureyrarbæjar

Veturinn 2025 - 2026 verða starfandi tíu leikskólar á Akureyri og í Hrísey. Skólarnir eru: Hulduheimar (Holtakot og Síðusel), Íðavöllur / Dvergheimur í Oddeyrarskóla, Klappir, Kiðagil, Króga-ból / Móar í Síðuskóla, Lundarsel / Pálmholt, Naustatjörn, Tröllaborgir / Árholt og Hríseyjar-skóli, samrekin leik- og grunnskóli.

Hólmasól er rekin af Hjallastefnunni ehf. með styrk frá Akureyrarbæ.



Hulduheimar

Skólastjórnendur: Snjólaug Brjánsdóttir og
Agnes Bryndís Jóhannesdóttir



Hulduheimar hefur tvær starfsstöðvar,

Síðusel sími: 4623034, Kjalarsíðu 3-5

Holtakot sími: 4627081, Þverholt 3-5

Netfang: snjolaug@akureyri.is

Heimasíða: <http://hulduheimar.karellen.is>

Í Síðuseli eru 63 börn á aldrinum eins til sex ára. Deildirnar eru þrjár, ein fyrir þau yngstu og tvær með blönduðum aldri, 3-6 ára.

Í Holtakoti eru 22 börn, eins og tveggja ára. Skólinn er ein deild en skipt í tvo hópa eftir árgöngum.



Einkunnarorð skólans: Velliðan – Virkni – Velferð

Velliðan – Lögð er áhersla á að öllum líði vel, því ef einstaklingum líður vel, eykur það hæfni þeirra til að blómstara og dafna.

Virkni – Lögð er áhersla á að efla börnin í eigin námi og starfi, því börn læra best með því að gera.

Velferð – Stuðlað er að velferð barnanna með því að leggja góðan grunn svo einstaklingar geti notið sín í lýðræðislegu samfélagi í framtíðinni.

Hulduheimar er lífsleikniskóli þar sem unnið er að því að efla siðferðisleg gildi barna og fullorðinna. Sú vinna fer fram í gegnum leik og í vinnu með dygðir í þeim tilgangi að við verðum bæði góðar og fróðar manneskjur.

SMT- skólafærni er uppeldisstefna skólans. SMT er hliðstæð aðferð og PMTO – foreldrafærni (Parent management training – Oregon) þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfá félagsfærni, styrkja æskilega hegðun og samræma vinnubrögð starfsfólks gagnvart börnunum.

Áhersla er lögð á að skapa rólegt andrúmsloft meðal barna og kennara með því að kenna öndunaræfingar, jóga og núvitund. Markmiðið er að njóta en ekki þjóta og því er stöðugt verið að leita leiða til að hægja á okkur og njóta augnabliksins.

Hulduheimar eru Réttindaskólar UNICEF.



Iðavöllur v. Gránufélagsgötu

Skólastjórnendur: Anna Lilja Sævarsdóttir og
Ragnheiður I. Ragnarsdóttir



Sími: 4143740

Netfang: idavollur@akureyri.is

Heimasíða: <http://idavollur.karellen.is>

Fjöldi deilda: 5



Iðavöllur er staðsettur á Oddeyri, einu elsta hverfi Akureyrar. Oddeyrarskóli er í sama hverfi og er mikið og gott samstarf á milli skólanna, m.a. er Dvergheimur, deild yngstu barna Iðavallar rekin í húsnæði Oddeyrarskóla.

Einkunnarorð skólans eru; ***þar er leikur að læra*** og gildi skólans eru; ***Virðing-sköpun-velliðan.***

Starfsfólk skólans leggur áherslu á faglegt uppeldis- og menntastarf sem tekur mið af því að gefa börnum fjölbreytt tækifæri til að læra með því að uppgötva og reyna sjálf í gegnum leik. Unnið er að öllum grunnþáttum

menntunar með sérstakri áherslu á læsi og sköpun. Námskrá Iðavallar byggir einnig á Barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Daglegt líf í skólanum snýst um leik, athafnir, verkefni og samskipti. Verkefni snúast oftast en ekki um áhugamál barnanna og leitast er við að horfa á sterku hliðar hvers og eins, bæði barna og kennara. Unnið er fyrst og fremst í félagi við börnin eins og vinnubrögð kennd við Reggio Emilia byggja á.

Iðavöllur vinnu með hæglaðtt leikskólastarf þar sem áhersla er á að tími til náms og leiks stjórnað sem minnst af klukkunni og að leikskólastarfið sé streitufrítt og notalegt.

Helstu markmið Iðavallar eru að öllum líði vel í skólanum, að jákvæð samskipti séu ríkjandi og að hver einstaklingur fái að njóta sín. Mikil áhersla er lögð á traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna. Fjölmennning og Hæglætisstefnan Silla eru aðal auðlegðir skólans.

Frábært eldhús Iðavallar sér börnum og starfsfólki skólans fyrir hollri næringu sem er undirstaða velliðunar og heilbrigðis.

Iðavöllur er Réttindaskóli UNICEF



Kiðagil, Kiðagili 9

Skólastjórnendur: Inda Björk Gunnarsdóttir og
Katrín Jóhannesdóttir

Sími: 4143770

Netfang: kidagil@akureyri.is

Heimasíða: <http://kidagil.karellen.is>

Fjöldi deilda: 4



Einkunnarorð: Fagmennska – Virðing - Leikur og læsi

Leikskólinn Kiðagil er í Giljahverfi Akureyrar-bæjar. Giljaskóli er á næstu lóð og er markvisst og gott samstarf á milli skólanna tveggja. Leikskólinn fær meðal annars afnot af fimleikasalnum einu sinni í viku og skiptast deildar á að fara aðra hvora viku í fimleikasalinn.

Hugmyndafræði skólans byggir á læsi og því að einstaklingar sýni hver öðrum virðingu í leik og

starfi. Í skólanum er leitast við að einstaklingar styrki hver annan og beri virðingu fyrir námi hvers og eins. Með aukinni þjálfun í læsi í viðum skilningi, þjálfast einstaklingar í uppbyggjandi samskiptum, jákvæðni og hjálpsemi.

Áherslur skólans: Skólinn vann að þróunarverkefni 2009 – 2011 sem ber heitið Leikskólalæsi. Markmið verkefnisins er að kenna börnum lestur í gegnum leik frá upphafi skólagöngunnar um leið og málskilningur þeirra er dýpkaður og orðaforðinn aukinn.

Kiðagil hefur starfað eftir uppeldisstefnunni SMT skólafærni frá árinu 2012, með það að markmiði að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Áhersla er á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun með því að auka sjálfstraust nemenda, kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma vinnubrögð starfsfólks, sem og að samræma aðferðir milli heimilis og skóla svo að allir gangi í takt þegar kemur að uppeldi barna.

Kiðagil fékk nýlega viðurkenningu sem UNICEF Réttindaskóli og byggir skólastarfið á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Starfsfólk Kiðagils hafa unnið að því að gera lífsspeki fiskisins ríkjandi í skólanum.

Lífsspeki FISKs styður við breytingar, tilfærslur og endurhæfingu, vekur áhuga og þjappar fólki saman til að vinna að sameiginlegu, samstilltu markmiði sem er: Fagmennska – virðing – leikur – læsi.





Klappir v. Höfðahlíð

Skólastjórnendur: Hafdís Ólafsdóttir og Áslaug Magnúsdóttir

Sími: 4143160

Netfang: klappir@akureyri.is

Heimasíða: <http://klappir.karellen.is>

Fjöldi deilda: 7



Einkunnarorð: Gleði – Traust – Virðing

Leikskólinn Klappir er staðsettur við Höfðahlíð og er sambyggður Glerárskóla. Skólarnir starfa í nánú

samstarfi með það að markmiði að skapa samfellu í námi nemenda og auðvelda þeim að flytjast milli skólastiga. Einn liður í því er að íþróttakennsla nemenda fer að hluta fram í íþróttahúsi Glerárskóla.

Áherslur skólans: Lögð er áhersla á nám í gegnum leik og sérstök áhersla er á læsi og stærðfræði í daglegu starfi. Unnið er með alla námsþætti í gegnum leik og sköpun og leitast við að virkja sjálfsprottinn áhuga barnanna í gegnum fjölbreyttan efnivið. Börnin eru hvött til sjálfs-
hjálp og sjálfstæðis með það að markmiði að efla sjálfsmynd þeirra og sjálfstæði.

Klappir eru **Réttindaskóli UNICEF**, þar sem Barnasáttmálinn er rauður þráður í öllu starfi.

Markmið skólans er að skapa lýðræðislegt umhverfi þar sem grunnforsendur Barnasáttmálans eru hafðar að leiðarljósi við allar ákvarðanir. Starf skólans miðar að því með markvissum hætti að efla gagnrýna hugsun og virkni nemenda í daglegu lífi. Lögð er áhersla á að samskipti nemenda og kennara endurspegli gildi Barnasáttmálans.

Klappir stefna að því að verða **Heilsueflandi skóli**, sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan allra sem að skólanum koma. Í Heilsueflandi leikskóla er unnið með átta lykilþætti: hreyfingu, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsu, fjölskyldu, nærsamfélag og vellíðan starfsfólks.

Skólinn starfar eftir aðferðafræði **SMT – Skólafærni**, sem hefur það að markmiði að skapa jákvætt og öruggt andrúmsloft fyrir nemendur og starfsfólk. Helstu áherslur SMT aðferðarinnar eru skýr fyrirmæli, kennsla í félagsfærni, jákvæð inngríp og markviss notkun félagslegrar hvatningar.

Klappir eru einnig **Skóli á grænni grein** og vinnur markvisst að því að skapa umhverfisvænan skóla. Með því er stefnt að því að efla skilning nemenda á sjálfbærri þróun og eigin áhrifum á umhverfið.

Krógaból í Gleráarkirkju

Skólastjórnendur: Jórunn Jóhannesdóttir og
Guðný Rut Gunnlaugsdóttir



Fjöldi deilda: 6

Netfang: jorunn@akmennt.is

Sími: 4627060

Heimasíða: <http://krogabol.karellen.is>

Einkunnarorð: Virðing – vellíðan - vinátta

Heilsuleikskólinn Krógaból er staðsettur á neðri hæð Gleráarkirkju í Síðuhverfi. Frá Krógabóli er

stutt í Síðuskóla og er mjög gott samstarf milli skólanna. Frá haustinu 2023 er ein deild, fyrir elsta árgang leikskólabarna Krógabóls rekin í húsnæði Síðuskóla. Deildir skólans eru 6 og eru einn til tveir árgangar á hverri deild.

Markmið heilsuleikskóla er að stuðla að heilsuefingu innan skólans með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Í heilsustefnunni er lögð áhersla á að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Unnið er með kennsluefnið *Lífsleikni í leikskóla* þar sem lögð er áhersla á að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám skólans. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Markmið lífsleiknikennslunnar er að efla siðferðisvitund barna og fullorðinna í þeim tilgangi að verða bæði góð og fróð manneskja.

Málrækt er samofin daglegu starfi skólans þar sem m.a. er unnið að ýmsum verkefnum sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri. Lögð er áhersla á að flétta samræðu, tjáningu, hlustun, ritun og lestur inn í leik og daglegt starf. Auka færni barna á íslenskri tungu, vekja áhuga þeirra á bókum og kenna þeim að vera læs á umhverfi sitt.

Námið er miðað að aldri og þroska barna og lagt upp úr að námið fari fram í gegnum leik.

Krógaból er Réttindaskóli UNICEF og byggir skólastarfið á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sýn skólans er: Að öll börn verði góð og fróð

Lundarsel, Hlíðarlundi 4 og Pálmholt við Þingvallarstræti

Skólastjórnendur:

Helga María Þórarinsdóttir og Ingi Jóhann Friðjónsson

Sími: 4625883 og 4626602

Netfang: lundarsel@akureyri.is

Heimasíða: <http://lundarsel.karellen.is>

Fjöldi deilda: 7



Lundarsel – Pálmholt er heilsuefandi leikskóli. Leikskólinn er í tveimur byggingum sem eru báðar staðsettar á suður brekkunni. Lundarsel er við Hlíðarlund. Pálmholt er við Þingvallarstræti. Skólarnir eru í góðu samstarfi við Lundarskóla.

Öryggi og gleði barna og starfsmanna er í fyrirrúmi.

Starfið í skólanum er fjölbreytt og má þar nefna vinnu með barnaheimspeki og verkefni um jafnrétti. Börnum er eðlislægt að vera forvitin og rannsakandi og samkvæmt hugmyndafræði barnaheimspekinnar er jafn mikilvægt að hvetja börn til að spyrja spurninga eins og að fræða þau með svörum. Heimspekin eflir gagnrýna, skapandi og umhyggjusama hugsun.

Lögd er mikil áhersla á leikinn því sú reynsla sem barnið öðlast í gegnum leik er vænlegasta námsleiðin. Unnið er með alla námsþætti gegnum leik og sköpun og leitast við að virkja sjálfsprottinn áhuga barnanna. Starfsmenn skoða starfið með kynjafræðilegum gleraugum með það að leiðarljósi að allir séu jafnir, strákar og stelpur, kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.

Heilsuefning og heilbrigði er ein af áherslum skólans, því mikilvægt er að námið fari fram utan sem innan dyra. Heilsuefning felst m.a. í skipulögðum hreyfistundum,



útiveru og vettvangsferðum.

Vinna við að efla sjálfsmynd og sjálfstjórn barna skipar stóran sess. Unnið er með SMT -skólafærni til að skapa gott andrúmsloft, tryggja öryggi og velferð allra í skólanum. Einkunnarorð skólans, „Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman“, er tilvísun í gleðina sem felst í leiknum, við að leita svara og rannsaka. Allir eru að læra, börn jafnt sem fullorðnir eru saman í lærdómssamfélagi.

Naustatjörn, Hólmatúni 2

Skólastjórnendur: Inga Bára Ragnarsdóttir
og Aðalheiður Hreiðarsdóttir



Fjöldi deilda: 6

Sími: 4143750

Netfang: naustatjorn@akureyri.is

Heimasíða: <http://naustatjorn.karellen.is>



Naustatjörn er í Naustahverfi. Skólarnir Naustatjörn og Naustaskóli eru staðsettir hlið við hlið og er mikið og gott samstarf á milli skólanna. Sex deildir eru við skólann, fjórar í húsnæði Naustatjarnar en tvær í húsnæði Naustaskóla. Mismunandi er hvort deildir eru með einn árgang eða tvo. Það ræðst af barnahópnum hverju sinni.

Sýn Naustatjarnar er að börn og kennarar noti samfélag sitt, menningu og náttúru til að verða sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar sem virða og lífa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt og hvert annað.

Hugmyndafræði Naustatjarnar er að börnin fái að kljást við margvísleg verkefni í gegnum leik í samræmi við hugmyndir sínar og að þau læri með því að prófa sig áfram. Verkefni barnanna eru ögrandi. Þannig efla verkefnin þroska barnanna og vitneskju þeirra, auk þess sem börnin læra í félagslegum samskiptum við aðra. Hlutverk hins fullorðna er að nota opnar spurningar, hvetja börnin til að reyna nýja hluti og leiða þau áfram svo þau komist sjálf að niðurstöðu.

Aðal áhersluþáttur skólans ásamt leiknum og Jákvæðum aga er náttúra og umhverfi. Mikil áhersla er lögð á umhverfismennt við skólann og hefur hann fengið Grænfánann afhentan reglulega frá árinu 2007.

Naustatjörn vinnur samkvæmt agastefnunni Jákvæður agi (Positive discipline). Í nokkrum orðum er Jákvæður agi kennsla í félagsfærni og lífsleikni. Lögð er áhersla á góðvild og festu, gagnkvæma virðingu, lausnaleit, að líta á mistök sem tækifæri til að læra, eftirfylgni og þá trú að öllum gangi betur þegar þeim líði vel.

Tröllaborgir v. Tröllagil og Árholt v. Höfðahlíð

Skólastjóri: Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir og
Marthen Elvar Veigarsson Olsen



Fjöldi deilda: 5

Sími: 4694700

Netfang: trollaborgir@akureyri.is

Heimasíða: <http://trollaborgir.is>

Einkunnarorð:

Hugur - Hjarta - Hönd

Tröllaborgir er í Giljahverfi. Staðsetning skólans er á tveimur neðstu hæðum í 9 hæða blokk við Tröllagil. Húsið var byggt af Félagsstofnun stúdenta á Akureyri. Akureyrarbær sér um rekstur skólans og hefur hann starfað frá 2004. Haustið 2019 var opnuð ný deild í Árholti v. Höfðahlíð. Árholt er skóli sem eingöngu er ætlaður fyrir yngsta aldurshóp skólabarna. Í Tröllaborgum er unnið með að samþætta „Hug, Hjarta og Hönd“, í allri starfsemi skólans. Þannig myndast jafnvægi milli þekkingar, tilfinninga og framkvæmdar í öllu starfi. Sýn skólans byggir á þeirri trú að með því að efla og styrkja hið góða á hverjum einstaklingi skapist góður grunnur fyrir leik og nám barna. Hvert barn byggir síðan ofan á þann grunn, út frá eigin forsendum og getu.

Til að ná þessu fram er unnið eftir hugmyndafræði um lífsleikni, auk þess sem áhersla er lögð á læsi í víðum skilningi og jóga.

Lífsleikni byggir á kenningum sem snúa að mannrækt, siðferðilegu gildismati og þeirri trú að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi. Í gegnum lífsleiknina læra börnin m.a. tilfinningalæsi sem stuðlar að góðri sjálfsmynd og sjálfsöryggi

Unnið er með dygðir sem námsleiðir til að kenna siðferði s.s. ábyrgð, samkennd, virðingu og þolinmæði. Dygðirnar stuðla að sjálfsstjórn í gegnum leik og nám þannig að börnin skilji þær og noti í daglegu starfi. Í dygðavinnu læra börnin jákvæð samskipti, auka orðaforða sinn og dýpka málskilning.

Jóga skapar börnum tækifæri til að ná betri slökun og ró í leik og námi sem er mikilvægt í því hraða samfélagi sem við lifum í. Jóga með börnum fellur vel að lífsleiknistarfinu þar sem unnið er með umhyggju, vellíðan, ró, samkennd og hlýju.

Lögð er áhersla á að umhverfi barnanna ýti undir læsi m.a. með myndrænu dagskipulagi og merkingum settum upp í lesátt. Í daglegu starfi er unnið með þulur, rím, sögur og leiki.

Í Tröllaborgum er unnið samkvæmt agastefnunni Jákvæður agi (Positive discipline) Í nokkrum orðum er Jákvæður agi kennsla í félagsfærni og lífsleikni. Lögð er áhersla á góðvild og festu, gagnkvæma virðingu, lausnaleit, að líta á mistök sem tækifæri til að læra, eftirfylgni og þá trú að öllum gangi betur þegar þeim líði vel.

Hólmasól v/Helgamagrastræti

Skólastjórnendur: Alfa Björk Kristinsdóttir og
Hafrún Halla Ingvarsdóttir



Fjöldi kjarna: 6

Sími: 4615363

Netfang: holmasol@hjalli.is

Heimasíða: <http://holmasol.hjalli.is>

Skólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf.

Einkunnarorð: Jafnrétti - Lýðræði – Sköpun (Stoðirnar þrjár)

Hólmasól er staðsettur á neðri-brekkunni og er Brekkuskóli samstarfsgrunnskóli leikskólans. Í Hólmasól eru sex kjarnar, þrír stúlkakjarnar og þrír drengjakjarnar. Yngstu börnin eru á sér kjörnum á neðri hæð leikskólans og þau eldri á fjórum kjörnum á efri hæðinni.

Hjallastefnan sem hugmyndafræði hvílir á sex [meginreglum](#). Í þeim má finna þau lífsgildi sem við stöndum fyrir, viðhorf, mannskilning og lífsýn. Markmiðið með meginreglunum er að byggja upp jákvæðan skólabrag og kærleiksríka skólamenningu. Meginreglurnar okkar eru: börn og foreldrar, starfsfólk, umhverfi, efniviður, náttúra og samfélag.

[Kynjanámskrá Hjallastefnunnar](#) er útfærsla á hugmyndafræðinni þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa. Kynjanámskráin skiptist í þjálfun á félagslegri- og einstaklingsbundinni færni.

Markmið skólans er að sinna þörfum einstaklinga, efla jákvæðni og gleði og er umhverfið einfalt og gegnsætt. Í Hjallastefnunni er unnið með opinn efnivið þar sem sköpunargáfa barnanna ræður ríkjum.

Markmið kynjaskipts leikskólastarfs er jákvæð kynjablöndun þar sem báðum kynjum er gert kleift að mætast á jafningjagrundvelli þar sem enginn þarf að gjalda fyrir kyn sitt. Annars vegar eru börnin styrkt hvort í sínu lagi og hins vegar hittast þau í sérstökum stundum þar sem fullorðnir tryggja jákvæð samskipti og raunverulegt samstarf.



Hríseyjarskóli - Smábær v/ Hólabraut

Skólastjóri: Þórunn Björg Arnórsdóttir

Fjöldi deilda: 1

Sími: 4661782

Netfang: thorunna@akureyri.is

Heimasíða: <https://hriseyjarskoli.is/leikskola-deild/>

Einkunnarorð skólans eru : Hríseyjarskóli skapandi samfélag

Hríseyjarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli sem býður upp á fjölbreytt og skapandi nám frá 1 til 16 ára aldurs. Markvisst samstarf er á milli leik- og grunnskóladeildar, bæði viðburðir og verkefni. Markmiðið er m.a. að þjálfast í samvinnu, styrkja tengslin og brúa bilið milli skólastiga. Hríseyjarskóli er heilsueflandi skóli, skóli á grænni grein ásamt því að lögð er áhersla á sjálfbærni og að nemendur tileinki sér heilbrigða lífshætti og verði meðvitaðir um mikilvægi þessara þátta á skólagöngu sinni. Á leikskóladeildinni Smábæ er áhersla er lögð á læsi, málörvun ásamt því að lífsleikni og sköpun eru lykilþættir í starfi. Leikskóladeildin er í stóru og vel skipulögðu rými með góðu aðgengi að bókasafni, listasmiðju, íþróttasal ásamt útsvæði með nýlegum leiktækjum. Einnig er stutt í náttúruna sem nýtist vel í námi og vettvangsferðum.

Hríseyjarskóli er í stöðugri sókn með þá framtíðarsýn að:

- skapa öflugt og hvetjandi námsumhverfi þar sem fjölbreyttur hópur nemenda og kennara nýti hæfileika sína og tileinki sér nýja þekkingu
- nemendur verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar, virkir og ábyrgir í samfélaginu
- skapa gott og traust foreldrasamstarf
- nýta fámennið og persónuleg samskipti á jákvæðan hátt í náminu
- kenna nemendum að virkja sköpunarkraft sinn til góðra verka og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og jákvæð samskipti



Yfirstjórn

Fræðslu-og lýðheilsuráð Akureyrarbæjar er stjórnarnefnd málaflokksins en dagleg yfirstjórn skólamála er á höndum fræðslu-og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, 2. hæð
Skrifstofa fræðslu- og lýðheilsusviðs er opin frá kl. 9:00-15:00.

Sími: 4601455.

netfang: fraedslusvid@akureyri.is.

heimasíða: www.akureyri.is

Starfsfólk

Skólastjóri er yfirmaður skóla og ber ábyrgð á faglegri og rekstrarlegri starfsemi hans. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Innan hvernar deildar starfa deildarstjórnendur sem bera ábyrgð á og stjórna deildarstarfinu. Allt starfsfólk skólanna vinna að uppeldi og menntun barnanna og hefur virðingu og umhyggju að leiðarljósi.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu en þagnarskyldan nær þó ekki til atvika sem ber að tilkynna samkvæmt barnaverndarlögum.



Naustatjörn

Listaverk unnið í tilefni af baráttudegi gegn einelti / Degi jákvæðs aga

PMTO – styðjandi foreldrafærni og SMT – skólafærni á Akureyri

PMTO – foreldrafærni, stendur fyrir "Parent Management Training Oregon aðferð". PMTO er þjónusta við börn, foreldra og skóla sem hefur það meginmarkmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka markvisst á hegðun barna með aðferðum PMTO. Unnið er með ákveðin verkfæri sem stuðla að jákvæðari hegðun barns. SMT- skólafærni, (útfærsla á bandarísku aðferðinni positive Behavior Support/ PBS) byggir á hugmyndafræði PMTO. SMT-skólafærni er hliðstæð aðferð og PMTO þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því m.a. að kenna og þjálfra félagsfærni, hvetja æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks til að mæta ólíkum hópum nemenda með samrýmdum vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/pmto-foreldrafærni> eða hjá Guðbjörgu Ingimundardóttur verkefnisstjóra á fræðslu- og lýðheilsusviði, s: 4601417.

Þeir skólar sem velja að innleiða ekki SMT – skólafærni hafa valið aðra viðurkennda aðferðafræði við agastjórnun og uppeldi s.s. *Uppbyggingastefnuna, Jákvæðan aga eða annað*.

Skólaþjónusta

Hlutverk skólaþjónustu fræðslu- og lýðheilsusviðs er margþætt, en snýr að mestu að stuðningi við einstaka nemendur, foreldra þeirra og skóla. Þjónustan felst í ráðgjöf, stuðningi og greiningum sem snúa að námi, líðan, hegðun, samskiptum og almennum þroska. Í skólaþjónustunni er lögð áhersla á þverfaglega teymisvinnu en þar starfa sérkennsluráðgjafar, ÍSAT kennsluráðgjafi, sálfræðingar, félagsráðgjafar með sérfræðipækkingu á PMTO-foreldrafærni ásamt ritara. Þá fara allar tilvísanir til talmeinafræðinga í gegnum skólaþjónustu. Ýmis konar ráðgjöf og námskeið eru í boði fyrir foreldra, s.s. uppeldisleg ráðgjöf, PMTO námskeið/meðferð í foreldrafærni, Klókir litlir krakkar (vegna kvíðinna barna) ásamt almennri fræðslu til foreldra barna með ADHD, einhverfu eða aðrar áskoranir.

Beiðnir til skólaþjónustu eru oftast unnar í samstarfi foreldra og skóla, því er mælt með að foreldrar setji sig í samband við tengilið skólans ef áhyggjur vakna. Foreldrar geta einnig leitað beint til skólaþjónustu sem er staðsett í Glerárgötu 26 eða sent tölvupóst á fraedslu-svid@akureyri.is

Frekari upplýsingar um tengiliði og farsæld barna má finna hér: [Farsæld barna á Akureyri](#)

Frekari upplýsingar um PMTO foreldrafærni má finna hér: [PMTO foreldrafærni](#)